

Dags: 12.01.2021

Tímabil: Fjórði ársfjórðungur

2020 (október-deseember)

Efling - stéttarfélag · Kjaramálasvið

Ársfjórðungsskýrsla

Lykiltölur - samskipti

Heimsóknir	0
Tölvupóstar	1.410
Símtöl	3.151

Fjölgun varð í innsendum tölvupóstum um rúmlega 100 samanborið við síðasta ársfjórðung og nam endanleg tala þeirra 1.410. Alls bárust 3.151 símtöl til sviðsins og fækkaði þeim um 400 miðað við síðasta ársfjórðung. Tölurnar yfir símtöl og tölvupósta taka aðeins til innhringdra símtala og innsendra tölvupósta.

Kjaramálasvið gat ekki tekið á móti félagsmönnum á skrifstofu félagsins vegna fjöldatakmarkana sökum kórónaveirufaraldursins.

Lykiltölur - launakröfur & erindi

Fjöldi nýskráðra mála	186
Þar af launakröfur	56
Þar af í þrotabú	15
Heildarupphæð launakrafna	46.245.074 kr.
Þar af í þrotabú	17.312.442 kr.
Fyrirvaralausar uppsagnir, fjöldi mála	16
Fjöldi útsendra bréfa vegna annarra réttindabrota	63

Starfsmenn Kjaramálasviðs tóku að sér að aðstoða Eflingarfélagi við 186 nýskráð mál á tímabilinu sem er 77 færri en á ársfjórðunginum á undan.

Einnig fækkaði launakröfum milli þriðja og fjórða ársfjórðungs eða um 31 kröfu. Heildarupphæð krafna var um 20 milljónum lægri en á þriðja fjórðungi. Mörg mál eru tengd vangreiddum launum á uppsagnarfresti.

Launakröfur í þrotabú voru 15 talsins og nam upphæð þeirra samtals 17,3 milljónum. Er það nokkur fækkun frá síðasta fjórðungi bæði í fjölda og heildarupphæð.

Starfsmenn aðstoðuðu 16 félagsmenn vegna fyrirvaralausra uppsagna sem leiddi til 6 launakrafna upp á samtals um 6,9 milljónir. Kröfur stofnuðust vegna þess að atvinnurekendur drógu ekki til baka ólöglegar uppsagnir.

Starfsmenn sendu út 63 bréf til fyrirtækja eða stofnana vegna ýmis konar réttindabrota annarra en launa og fyrirvaralausra uppsagna.

Fyrirtæki

Rekstraraðilar með fleiri en 5 opnar launakröfur hjá Kjaramálasviði eru þessir:

Nafn	Heiti í fyrirtækjaskrá	Kennitala/tölur	Fjöldi launakrafna	Heildarupphæð launakrafna
Gluggasmiðjan	GS gluggar ehf	701286-1709	6	11.011.090 kr.
Messinn	L6 ehf	520620-0870	5	5.957.865 kr.

Athugasemdir:

Af hátt í 25.000 greiðandi félögum í Eflingu voru um 54% af erlendum uppruna í nóvember. Hins vegar var hlutfall félagsmanna af erlendum uppruna sem leituðu til Kjaramálasviðs 64% á ársfjórðungnum. Mörg mál tengjast greiðslu uppsagnarfrests og kemur það heim og saman við að af 3.711 atvinnulausum Eflingarfélögum voru 75% af erlendum uppruna og 25% af íslenskum uppruna í október síðastliðnum.

Atvinnuleysi meðal Eflingarfélaga var á þessum tíma nokkuð hærra en annars staðar á vinnumarkaði. Atvinnuleysi meðal Íslendinga var 10,6% en atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara 24% í nóvember skv. töl-

um Vinnuálastofnunar. Atvinnuleysi kemur því harðar niður á erlendum einstaklingum á vinnumarkaði en íslenskum og enn harðar niður á erlendu verka- og láglaunafólki en öðrum hópum erlendra starfsmanna á vinnumarkaði.

Við þjónustu erlendra félagsmanna kemur sér vel að Efling býr yfir fjölda starfsmanna af ólíkum uppruna og með mikla tungumálakunnáttu. Meðal tungumála sem töluð eru reiprennandi í starfsmannahópnum má nefna ensku, pólsku, litháísku, lettnesku, rússnesku, mandarín kínversku og spænsku.